

Alþingi
Erindi nr. P 131/988
komudagur 7.3.2005



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Nefndarritari
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. mars 2005
Tilvísun: 2005020019

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til vatnalaga.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til vatnalaga, 413. mál, heildarlög. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu tilnefndi Orkustofnun fulltrúa í nefnd þá er undirbjó frumvarpið.

Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar stofnunarinnar við efni frumvarpsins:

Í frumvarpinu er hlutverk og verkefni Orkustofnunar er lúta að meðferð vatns aukin til muna. Þrátt fyrir það segir í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið að ekki verði "séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð". Ekki var leitað til Orkustofnunar áður en þessu umsögn var gerð. Ljóst er að hlutverk Orkustofnunar er umtalsvert samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Hins vegar er ekki ljóst hversu mikill kostnaður mun af hljóttast. Því verður ekki reynt nú að leggja mat á hugsanlega viðbótarþörf á fjárveitingum til Orkustofnunar vegna ákvæða frumvarpsins, en því treyst að fjárveitingar til stofnunarinnar taki mið af auknum verkefnum.


Orkustofnun bendir á að ástæða kunni að vera til að bæta skilgreiningu veiðivatns, sbr. 1. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970, við ákvæði 3. gr. frv., þar sem mismunur er sbr. 35. gr. frv. á tilkynningarskyldu vegna framkvæmda í vötnum eftir því hvort um veiðivatn er að ræða eða ekki. Þannig bætist við ákvæði 3. gr. frv. 27. tl. svohljóðandi: *Veiðivatn: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.*

Orkustofnun bendir á að í athugasemd með 23. gr. frv. segir að skilyrðislaust þurfi leyfi ráðherra til að framkvæma vatnsmiðlun eða breyta henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1000 fermetrar eða stærri. Samkvæmt ákvæði 23. gr. frv. þarf leyfi Orkustofnunar fyrir slíkum framkvæmdum. Stofnunin bendir einnig á að í ákvæðinu er ekki kveðið á um hvaða gögn skuli fylgja umsókn um heimild til vatnsmiðlunar. Orkustofnun leggur til að gagnakröfur verði ákveðnar í reglugerð og að við reglugerðarheimild 40. gr. frv. verði bætt ákvæði þar að lútandi.


Í 36. gr. frv. er kveðið á um hámarks- og lágmarksfjárhæð dagsekta. Orkustofnun bendir á að réttara kunni að vera að fjárhæðir séu ákveðnar með reglugerð, þó forsendur álagningar dagsekta séu í lögum, svo einfaldara verði að uppfæra fjárhæðir með tilliti til

verðlagsbreytinga. Við reglugerðarheimild 40. gr. frv. mætti þá bæta "...og fjárhæð dagsekta".

Virðingarfyllst



Hákon Aðalsteinsson



Elín Smáradóttir